



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 20. mars 2015
1403130 AUT

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 18.mars sl. var eftirfarandi samþykkt:

Efni: ESB-viðræður, áskorun

Tillaga að ályktun:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að tryggja aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. Í samræmi við gefin fyrirheit verði framhald aðildarviðræðna sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar áréttar einnig stuðning sinn við samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar 2014 þar sem stjórnin hvetur til þess að Alþingi tryggi sveitarfélögunum í landinu svigrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en til breytinga á stöðu aðildarviðræðna kemur.

Greinargerð: Eins og fram kemur í greinargerð sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga um áhrif Evrópusambandaðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið er ljóst að áhrif aðildar á íslensk sveitarfélög yrðu umtalsverð. Þó er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um heildarávinning sveitarfélaga fyrr en niðurstöður aðildarviðræðna liggja fyrir. Þá hafa íslensk sveitarfélög, meðal annars Hafnarfjarðarbær, verið í forystu um aukið lýðræði og beina þátttöku kjósenda í stórum og mikilvægum ákvörðunum sem varða samfélagið í heild og hagsmuni þess. Þannig tryggði bæjarstjórn Hafnarfjarðar á sínum tíma íbúum bæjarins beint og milliliðalaust lýðræði með því að setja inn í samþykktir bæjarins heimild til að leggja þýðingarmikil mál í dóm kjósenda. Að baki þeim breytingum lá það grundvallarsjónarmið að undirstaða trausts sambands almennings og stjórnmalá væri gagnkvæmni, að forsenda trausts almennings til stjórnmalanna sé að stjórnmalin treysti fólkini. Telur bæjarstjórn að hér sé um svo stórt hagsmunamál að ræða að eðlilegt sé að þjóðin fái aðkomu að ákvörðun um framhald þess.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti fyrirliggjandi ályktun.

Þetta tilkynnist hér með,

Virðingarfyllst,

Auður Porkelsdóttir

Auður Porkelsdóttir
skrifstofustjóri

Alþingi	
Málsnr.	1503164
Mótt.	25. mars 2015
Málaþykill	7,40
ESky	